

21. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteignir eyða á árinu.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við að lögum. Með brot á reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með, skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. ágúst 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T**um sorphreinsun í Bolungarvík.**

1. gr.

Hólshreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins (Bolungarvík). Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar Bolungarvíkur.

2. gr.

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota. Undir pokana skal nota sérstakar grindur, sem komið skal fyrir í sérsmíðuðum skápum.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda og sorp-skápa. Hafa skal greiðfæran stíg að sorpkassa ca. 90 cm breiðan.

4. gr.

Við hvert hús skal vera a. m. k. einn skápur fyrir hvert heimili, en að öðru leyti miðast fjöldi skápa við það, að sorppokar yfiryllist ekki milli tæminga.

5. gr.

Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíðar eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, þá geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsa hreppsins.

6. gr.

Sorphreinsun fer ekki fram á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum.

7. gr.

Sorphreinsun skal framkvæmd vikulega og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.

8. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð, heita ösku, mold, mól, mykju og byggingasorp (timbur, múrsteinar) í sorppoka.

9. gr.

Pakka skal inn í pappír eða plast glerbrotum, oddhvössum eða beittum hlutum og blautu sorpi, áður en slíkt er sett í sorppoka. Bannað er að setja eldfima vökva t. d. benzín eða olíu í sorpilát, hvort sem er í umbúðum eða án þeirra.

10. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.

11. gr.

Mold, mól, grjót eða svipuð efni, skulu flutt á afmarkað svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Sama gildir um bílhæ og brotajárn.

12. gr.

Bannað er að urða oliuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal það brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna hreppsins.

13. gr.

Fyrirferðamiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstrar koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram eða á sorphaugastað skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

14. gr.

Eftir að sorpeyðingarstöð tekur til starfa er heimilt að krefjast sérstakrar greiðslu fyrir eyðingu slíks úrgangs svo og fyrir eyðingu meiriháttar úrgangs frá matsölu-
stöðum, sláturhúsum, iðnfyrirtækjum o. s. frv.

15. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

16. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

17. gr.

Hugsanleg vafaatriði varðandi fjölda skápa (sorppoka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

18. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þingri refsing liggí við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit

til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. ágúst 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 240.

22. maí 1973.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI

Heimtauggjöld.

2. gr.

Heimtauggjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Jarðstrengur		Loftlína	
	stofngjald kr.	lengdargjald kr./m	stofngjald kr.	lengdargjald kr./stólpa
1. 25 A 1-fasa			6 776	7 907
2. 60 A —	1 546	682	7 907	9 033
3. 100 A —	1 546	818	10 165	11 294
4. 25 A 3-fasa			7 907	9 033
5. 60 A —	1 546	818	10 165	11 294
6. 100 A —	4 681	931	13 553	14 117
7. 200 A —	16 095	1 413	27 106	16 942
8. 300 A —	65 206 x			
9. 150 kVA —	74 795 x			
10. 300 kVA —	149 590 x			
11. 500 kVA —	249 316 x			
12. 800 kVA —	398 906 x			

A merkir málstraum (amper) vara í stofnvarkassa (eða stofnvara innan við stofntengikassa).

kVA merkir málraun (kilovoltamper) spennis, þegar um sérspennistöð er að ræða.

x Greiðist skv. kostnaði.

3. gr.

3.1 Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum (m) frá lóðamörkum eða næsta útítengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Lengdargjald (kr./m) greiðist skv. töflu í 2. gr. Rafmagnsveitan ákveður legu heimtaugarinnar.